



Umsögn

Efni: Tillaga um endurgreiðsluhlutfall lífeyris 2024
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um að endurgreiðsluhlutfall lífeyris verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%. Á fundi stjórnar lífeyrissjóðsins, þann 24. júní sl., var lagt fram bréf tryggingastærðfræðingsins Bjarna Guðmundssonar þar sem lagt var til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri í lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 verði 74%. Ekki er um að ræða neina breytingu frá árinu 2022 og 2023. Hefur stjórnin þegar samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu borgarráðs Reykjavíkur í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins.

Borgarstjórn ákveður endurgreiðsluhlutfall á greiddum lífeyri fyrir eitt ár í senn samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins. Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðanda munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með samþykkt fyrirbyggjandi tillögu.
Erindinu skal vísað til afgreiðslu borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.